

Selfossi, 7. maí 2020

Til bæjarráðs Árborgar

Efni: Fjárhagstjón Selfoss-Körfu vegna Covid 19 faraldursins

Ágæta bæjarráð.

Eins og vitað er hefur íþróttahreyfingin orðið fyrir miklu fjárhagstjóni vegna Covid19 faraldursins. Körfuknattleiksfélag Selfoss er þar engin undantekning, þó tjón þess sé vissulega ekki eins umfangsmikið og sumra annarra íþróttafélaga.

Körfuboltafélagið missti ekki af tekjum vegna þátttöku í úrslitakeppnum meistaraflokka en hefur orðið fyrir skakkaföllum vegna annarra verkefna.

1. NLEC körfuboltabúðirnar. Alþjóðlegar körfuboltabúðir fyrir stúlkur og drengi sem halda átti 6.-9. júní næstkomandi með þátttöku NBA þjálfara og nokkurra þjálfara hjá bandarískum háskólaliðum, auk margra af þekktustu íslensku þjálfurunum og leikmönnum af báðum kynjum. Þetta eru nýjar búðir sem félagið hefur lagt mikla vinnu í að skipuleggja, en fyrir vikið er ekki í tekjur fyrri ára að vísa varðandi raunverulegt fjárhagstjón. Hagnaðurinn hefði þó án minnsta vafa numið milljónum og skipt sköpum fyrir fjárhag félagsins og frekari uppbyggingu. Þegar útlagður kostnaður vegna þjálfara frá Bandaríkjunum, og væntanlega er tapaður, nemur meira en 500.000 krónum. Þó búðunum hafi enn aðeins verið frestað er ólíklegt að takist að halda þær síðsumars vegna ástands mála erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum. Félagið hefur þegar þurft að endurgreiða hluta greidds staðfestingargjalds þátttakenda, sem hafa hætt við vegna frestunar búðanna og breyttra dagsetninga. Vefsíða búðanna á heimasíðu Selfoss-Körfu má skoða hér: <https://www.selfosskarfa.is/next-level-exposure-camp/>
2. Unglingalandsmót UMFÍ. Með öllu er óljóst hvort unglíngalandsmótið verður haldið í sumar, en Selfoss-Karfa hafði fengið það verkefni að skipuleggja og sjá um körfuboltakeppnina á mótinu. Ef mótið fer ekki fram verður félagið af tekjum sem skipta hundruðum þúsunda.
3. Óvissa varðandi framlög og styrki frá fyrirtækjum fyrir næsta keppnistímabil er mikil. Þegar hefur umsamin styrkur að upphæð 250.000 tapast. Nokkrir fastir styrktarsamningar eru í gildi næsta starfsár, en hvort þeir halda er á þessari stundu óvíst. Enn meiri óvissa er um árlega lausastyrki frá fyrirtækjum. Erfitt er að leggja mat á umfang tjóns af þessum völdum en ef allt fer á versta veg mun það nema vel á annan tug milljóna.
4. Út frá ofansögðu er varfærin áætlun að tekjutap félagsins vegna veirufaraldursins muni nema 3-5 milljónum eða u.þ.b. 15-20% af heildarveltu þess.

Í ljósi þessa óskar Selfoss-Karfa eftir því að sveitarfélagið veiti félaginu sérstakan fjárhagsstuðning til að mæta því tjóni sem fyrirsjáanlegt er og um leið að aðstoða það við að verja grunnstarfsemi sína.

F.h. stjórnar Selfoss-Körfu.
Virðingarfyllst,
Gylfi Þorkelsson, formaður